

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2000

17. mars 2000

433

Nr. 178

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 2000.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 2000, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 2000 með eindaga 1. júní 2000 verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki:	kr.
a) Föst tæki - myndataka	13.750
b) Föst tæki - skygning	19.250
c) Tölvusneiðmyndataeki	27.500
d) Aukalampar	3.850
e) Færanleg tæki - myndataka	11.000
f) Færanleg tæki - skygning	14.300
g) Tannröntgentæki	8.250
h) Tannröntgentæki - aukatæki	4.125
i) Iðnaðarröntgentæki	12.100
j) Dýralækningaröntgentæki	12.100
2. Geislalækningatæki	19.250
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar	16.500
4. Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað	8.800
5. Önnur geislataeki.	
a) Nifteindataeki	33.000
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.800
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.400
6. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu	440
b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.100

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 11.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.200.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 27.500. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. mars 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðmundur Gylfi Guðmundsson.